

Misskilningurinn um trúnað þegar barn leitar til fagaðila

Sá misskilningur virðist vera meðal einstakra fagaðila að í viðtölum við unglunga ríki fullur trúnaður. Unglingarnir sjálfir sem leita t.d. til námsráðgjafa eða skólahjúkrunarfræðings telja einnig oft að um sé að ræða trúnaðarsamtal. Einstaka sinnum fréttist af tilvikum þar sem fagaðili í skóla hefur á þessari forsendu látið hjá líða að upplýsa forsjáraðila um mikilvæg atriði sem fram hafa komið í viðtali við unglínginn með þeim afleiðingum að hagsmunum hans hafi ekki verið gætt sem skyldi.

Hið rétta er að í reynd ríkir enginn trúnaður milli fagaðila og unglings í viðtölum sé viðkomandi undir 18 ára aldri. Fagaðili þarf þess vegna að gæta þess að setja sig ekki í þá stöðu að hann og unglíngurinn búi einir yfir trúnaðarupplýsingum sem eru alvarlegs eðlis. Að sjálfsgöðu ber fagaðila ávallt að meta hvaða upplýsingar eru af þeim toga að greina verði forsjáraðilum frá þeim. Komi hins vegar fram upplýsingar, vísbendingar eða grunsemdir um að hagsmunum unglingsins eða annarra barna sé með einhverjum hætti ógnað ber fagaðila að upplýsa forsjáraðila um það. Öðruvísi geta þeir ekki brugðist við með viðeigandi hætti hvort heldur með fyrirbyggjandi aðgerðum svo sem fræðslu og leiðbeiningum eða öðrum lausnarmiðum leiðum.

Mun unglíngurinn þá ekki segja frá?

Þau rök hafa heyrst í þessu sambandi að unglíngurinn muni síður tjá sig um áhyggjuefni sín geti hann ekki treyst á fullan trúnað. Það kann að vera mat einhverra að einmitt þess vegna sé þagmælska fagaðilans mikilvæg. Hin hliðin á málinu er sú að ákveðin áhætta fylgir því að lofa unglíngi fullum trúnaði vegna þess að málefni hans geta þróast á þann veg að fullorðnir verði með einum eða öðrum hætti að koma að málinu. Áhyggjuefni eða vandamál unglunga sem kunna að virðast léttvæg í viðtali geta tekið á sig alvarlegri myndir þegar fram líða stundir. Unglíngurinn getur líka í viðtali við fagaðilann opinberað mál sem sá síðarnefndi sér í hendi sér að forsjáraðilar verði að fá upplýsingar um til að eiga möguleika á að aðstoða barn sitt. Hafi fagaðilinn þá áður lofað trúnaði á hann fárra kosta vól en að brjóta hann.

Til að fyrirbyggja að þessi staða komi upp er góð regla að upplýsa skjólstæðinga undir 18 ára aldri í upphafi samtals að þar sem hann er ekki orðinn sjálfráða sé ekki um eiginlegt trúnaðarsamtal að ræða. Komi upp í viðtalinu málefni sem fagaðilinn metur svo að forsjáraðilar þurfi að fá vitneskju um er sanngjarnt og eðlilegt að gefa unglíngnum kost á að segja forsjáraðilum sjálfur frá því með eða án aðstoðar fagaðilans. Sé þessi valmöguleiki ekki fýsilegur unglíngnum kemur það í hlut fagaðilans að upplýsa forsjáraðila um málið. Hvenær og með hvaða hætti málið verður upplýst frekar er sjálfsgagt að leggja undir stálpaðan unglíng til að koma í veg fyrir að honum finnist að komið hafi verið aftan að sér eða gengið framhjá sér með einhverjum hætti.

Hvaða málefni er ekki hægt að halda frá forsjáraðilum?

Með reynslunni lærist fagaðila að leggja mat á málefni, alvarleika þeirra og hugsanlegar afleiðingar. Ef skjólstæðingur er undir 18 ára aldri ber fagaðila að upplýsa foreldra ef unglíngurinn segir t.d. frá því að hann haldi að hann hafi einhverja sjúkdóma eða ef hann upplýsir að hafa verið beittur ofbeldi þar á meðal einelti eða áreitni af einhverjum toga. Sama á við ef unglíngurinn upplýsir að hann búi yfir álíka upplýsingum um aðra undir sjálffræðisaldri. Eins ber fagaðila að upplýsa forsjáraðila ef fram kemur í viðtalinu að hann stundi atferli sem geti verið honum andlega eða líkamlega skaðlegt eða

viðhafi sjálfskaðandi/andfélagslega hegðun sem gæti haft skaðleg áhrif og alvarlegar afleiðingar fyrir hann. Hér er einungis dregið á því helsta sem upp gæti komið í viðtali við skjólstæðinga undir 18 ára aldri og sem mikilvægt er að upplýsa til þess að hægt sé að fylgja málum eftir með nauðsynlegum úrræðum.

Hver er afstaða forsjáraðila?

Án þess að ætla að tala máli allra forsjáraðila tel ég þó engu að síður líklegt að þeir séu oftast nær sáttir við fyrirkomulag af þessu tagi leiti barn þeirra til fagaðila, hvort heldur innan skóla eða utan. Forsjáraðilar, sem sjá að barninu sínu líður illa eða hefur áhyggjur sem það getur ekki tjáð sig nægjanlega vel við heimilisfólkið, hvetja iðulega til þess að barnið ræði við fagaðila skólans, námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðing eða óska eftir að sálfræðingur komi að málefnum barnsins. Fæstir forsjáraðilar gera kröfu um að fá vitneskju um allt það sem barnið segir í slíkum viðtölum. Flestir treysta einfaldlega dómgreind sérfræðinga til að leggja mat á upplýsingarnar og vinsa úr þær sem þurfa að berast foreldrum eigi þeir að geta rækt forsjárskyldur sínar með ábyrgum hætti.

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði.